

Fundargerð kjaranefndar Árborgar, 1.fundur kjörtímabilið 2018-2022 haldinn mánudaginn 16.júlí 2018 kl. 15:15 í Setri Egils í Ráðhúsi Árborgar.

Mætt :

Eggert Valur Guðmundsson S – lista
Sigurjón Vídalín Guðmundsson Á - lista
Ari Björn Thorarensen D – lista
Ingibjörg Garðarsdóttir, fjármálastjóri sem ritaði fundargerð.

1. Þóknanir til kjörinna fulltrúa.

Kjaranefnd samþykkir óbreytta þóknun fyrir bæjarfulltrúa þ.e. sömu forsendur gilda og voru samþykktar á fundi kjaranefndar 22.febrúar 2017.

Kjaranefnd samþykkir að greiða bæjarfulltrúum fyrir setu á fundum vegna fjárhagsáætlunarvinnu á haustin. Kjaranefnd samþykkir að greiða það sama fyrir hvern fund og greitt er fyrir nefndarfundi. Í dag er það 21.041 kr. pr. fund.

Rætt um möguleika á að greiða mótframlag af launum bæjarfulltrúa í séreignasparnað. Kjaranefnd samþykkir að fjármálastjóri skoði fyrirkomulagið hjá öðrum sveitarfélögum.

2. Launamál framkvæmdastjóra/bæjarstjóra.

Kjaranefnd samþykkir laun fyrir framkvæmdastjóra/bæjarstjóra. Kjaranefnd samþykkir að greiða ekki fastan akstur pr. mánuð en greitt verður fyrir akstur skv. akstursdagbók hverju sinni.

Fundi slitið kl. 15:55

Eggert Valur Guðmundsson (sign)
Sigurjón Vídalín Guðmundsson (sign)
Ari Björn Th (sign)

Fylgiskjal með 1.fundargerð kjaranefndar kjörtímabilið 2018-2022

Áætlaður kostnaður vegna greiðslu fyrir setu bæjarfulltrúa á fundum vegna fjárhagsáætlunarvinnu á haustin sem samþykkt var á 1.fundi kjaranefndar 16.júlí 2018.

Samþykkt er að greiða 21.041 kr. fyrir hvern setinn fund vegna fjárhagsáætlunarvinnu á haustin.

Heildarkostnaður ef fundir verða samtals 13 (tekið er mið af fjölda funda haustið 2017) og miðað er við að allir bæjarfulltrúar mæti á hvern fund.

Heildarkostnaður með launatengdum gjöldum = 3.025.000 kr.

Vísað í viðauka við fjárhagsáætlun fyrir árið 2018.